LV-2016-074

Landsvirkjun



Vatna- og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2015

Lykilsíða

Landsvirkjun

Skýrsla LV nr: LV-2016-074 **Dags:** 01.06.2016

Fjöldi síðna: 16 **Upplag:** 20 **Dreifing:**

- ☐ **Birt á vef LV**
- ☒ **Opin**
- ☐ **Takmörkuð til**

Titill: Vatna- og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2015.

Höfundar/fyrirtæki: Halldór Walter Stefánsson /Náttúrustofa Austurlands NA-160161

Verkefnisstjóri: Hákon Aðalsteinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar:

Útdráttur: Talningar á öndum fyrir Landsvirkjun á Lagarfljóti og vötnum á Fljótsdalsheiði og á vatna- og sundfuglum á Jökulsá á Dal eru liðir í vöktun Náttúrustofu Austurlands á völdum fuglategundum sem tengjast vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar.

Árið 2015 dreifðust hávellur misjafnlega um Lagarfljót og voru flestar næst Héraðsflóa og við Egilsstaði en fækkaði verulega miðað við árið 2014. Hávellur voru algengar á vötnum í Fljótsdalsheiði. Skúfönd fjölgaði á Lagarfljóti en stokkönd fækkaði. Fjöldi í stærstu hópum þessarra anda á Lagarfljóti fækkaði milli ára.

Heldur fleiri skúmar voru í og við farveg Jökulsár á Dal sumarið 2015 miðað við árið á undan. Máfar, kjói og kría voru algengustu vatna- og sundfuglarnir á Jöklu sumarið 2015, þar næst endur og álíka mikið sást af álftum og lóm.

Lykilorð: Vatnafuglar, endur, Jökulsá á Dal, Lagarfljót, Fljótsdalsheiði.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra Landsvirkjunar

Skýrsla nr. LV-2016-074
NA-160161

Landsvirkjun

Vatna- og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2015

Náttúrustofa Austurlands

Júní 2016

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Rannsóknasvæði 3
Aðferðir 6
Niðurstöður og umræða 7
Vatna- og sundfuglar á Jöklu 10
Tegundir 13
Þakkir 15
Heimildir 15

Inngangur

Náttúrustofa Austurlands hefur vaktað hávellur *(Clangula hyemalis)* fyrir Landsvirkjun undanfarin ár í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Endurnar eru taldar reglulega á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði. Hefðbundnar talningar voru árið 2015. Með þessum talningum er vonast til að greina breytingar á fjölda hávella á vatnasviði virkjunarinnar.

Skúfendur *(Aythya fuligula)* og stokkendur *(Anas platyrhynchos)* hafa verið taldar á Lagarfljóti samhliða hávellu. Skúfendur eru mest á Lagarfljóti á vorin. Stokkendur sem eru að hluta til staðfuglar á Héraði eru þekktar fyrir að hafa vetursetu á Lagarfljóti og nærliggjandi þverám.

Náttúrustofan annaðist einnig úttekt á vatna- og sundfuglum á Jökulsá á Dal (Jöklu) sem hófst árið 2014 og henni haldið áfram árið 2015. Með skoðuninni er vonast til að hægt sé að greina nýtingu fugla á Jöklu. Áin hefur að mestu verið tær yfir sumarið síðan jökulvatninu var miðlað úr Jökulsá um Hálslóni yfir í Lagarfljót árið 2007. Fuglar hafa því aðlagast breytingunum nú í nokkur ár. Mögulega tekur það einhvern tíma þar til fæðuskilyrði myndast fyrir fugla við þessar breyttu aðstæður og fyrir fugla að uppgötva ný svæði.

Loks verður gerð grein fyrir skúmum hér í skýrslunni fyrir árið 2015 sem voru taldir í farvegi Jökulsár á Dal. Tegundin var vöktuð um árabil í tengslum við framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.

Rannsóknasvæði

Lagarfljót frá ósi við Héraðsflóa suður undir Múla í Fljótsdal á móts við stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar er aðal rannsóknasvæðið tengt vöktun hávellu. Athugunarsvæðinu er skipt í fjögur talningasvæði; Héraðsflói-Lagarfoss, Lagarfoss-Rangá, Rangá-Egilsstaðir og sunnan Egilsstaða, Lögurinn (1. mynd).

Hávellur voru taldar á vötnum og tjörnum í nágrenni Lagarfljóts. Útsýnisstaðir þaðan sem hávellur eru taldar á Fljótinu eru; frá Egilsstöðum að Héraðsflóa; Fellabær, Skógargerði, Rangá, Dagverðargerði, Vífilsstaðir, Þinghöfði, Straumur, Litla Steinsvað, Lagarfoss, Ekra, Dratthalastaðir, Steinbogi, Hóll, þaðan gengið meðfram Fljótinu út í Torfur, Finnsstaðir og Mýnes. Frá Egilsstöðum suður að Fljótsdalsmúla; Skipalækur, Ekkjufell, Kross, Setberg, Rauðilækur, Prestakleif, Ás, Hof, Teigaból, Hrafnsgerði, Arnheiðarstaðir, Geitagerði, Brekkugerði, Brekka, Klifá, Buðlungavellir, Vallholt, Hrafnkelsstaðir, Brattagerði, Víðivallaskógur, Hlíðarhúsakvísl og Múli. Samtals eru þetta 38 staðir.



1. **mynd.** *Lagarfljóti er skipt í fjögur talningasvæði sem rauðar línur marka. Á kortinu eru einnig sýndir helstu útsýnisstaðir sem endur og vatnafuglar hafa verið taldir frá.*

Áhersla var lögð á að kanna Jökulsá á Dal í tengslum við vatna- og sundfuglaúttekt sem náði frá Hofteigi á Jökuldal að Húsey í Hróarstungu. Upplýsingum um þessa fugla var einnig aflað frá Gilsá sunnan Skjöldólfsstaða að Hofteigi. Í raun nær úttektarsvæði vegna vatnafugla allt frá Hálslóni í suðri að Héraðsflóa í norðri. Oft tengjast bakkar árinnar og nánasta umhverfi nýtingu fugla á viðkomandi farvegi og því tilheyra þau svæði rannsóknarsvæðinu.

Farvegur Jöklu einkennist af aurasvæði norðan við Brúarás í Jökulsárhlíð og á þeim kafla sem tekur við norðan Hnitasporðs (Brúarsandar) við Hafrahvamma að Brú á Jökuldal. Nokkrar eyrar eru í ánni frá Hvanná að Mælishóli á Jökuldal. Annarsstaðar er farvegurinn þrengri og liggur um stokka og gil.



2. mynd. *Gengin leið og útsýnisstaðir við Gilsárvötn á Fljótsdalsheiði frá 2011-2015. Garðavatn og Axarárvötn eru utan við kortið.*

Á Fljótsdalsheiði var talið á Garðavatni, Hólmavatni, Gilsárvötnum, Eyrarselsvatni, Langavatni og Axarárvötnum auk smærri vatna og tjarna þar á milli (2. mynd).

Aðferðir

Sömu aðferðum var beitt við talningarnar á hávellum árið 2015 og áður í vöktuninni (Bibby o.fl. 1992). Allar hávellur sem sáust voru taldar og skráðar. Fyrsta talning er yfirleitt í seinnihluta maí og svo er reynt að telja með tíu daga bili í fjögur skipti yfir sumarið. Skúfendur og stokkendur voru taldar jafnhliða hávellu og reynt hefur verið að fylgjast með stokköndum á Fljótinu allt árið.

Lagarfljóti var skipt upp í fjögur talningasvæði (1. mynd). Nyrst er svæðið Héraðsflói-Lagarfoss og þar suður af Lagarfoss-Rangá. Um miðbik Héraðsins er svæðið Egilsstaðir-Rangá og syðsti hluti Fljótsins er Lögurinn sem endar á móts við stöðvarhús í Fljótsdal. Lengd Lagarfljóts, þar með talinn Lögurinn frá stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal og norður í Héraðsflóa er um 95 km.

Ekið var kringum Löginn og fuglar taldir frá áður nefndum útsýnisstöðum og milli þeirra. Lagarfljótið frá Egilsstöðum að Lagarfossi var talið af vegi í Hróarstungu en frá Lagarfossi að Rima frá vegi í Hjaltastaðaþinghá. Fara þarf slóða að Steinboga til að skoða Lagarfljótið norðan og vestan við Móberg og að Hóli. Frá Hólshjáleigu var farið eftir slóða meðfram Fljótinu út undir Grænanes og gengið þaðan um Grænamó að Torfum. Hávellur voru taldar á Lagarfljótinu frá 38 útsýnisstöðum, bæði með handsjónauka og fjarsjá.

Fugla á Lagarfljóti er hægt að skoða með sjóntækjum og telja úr bifreið að mestum hluta. Fyrir vikið hefur veður ekki mikil áhrif á talningarnar en reynt er að telja þegar veðurskilyrði eru hagstæð.

Milli Finnsstaða og Skógargerðis og utan við Lagarfossvirkjun sést takmarkað frá vegi á Fljótið. Sama á við frá Móbergi og út fyrir Geirastaðakvísl. Sameiginlegur ós Jökulsár á Dal og Lagarfljóts liggur norður af bænum Húsey og sést ekki frá vegi. Samtals eru þessi svæði um 6-7 km að lengd. Þau eru ekki talin. Mestur hluti Lagarfljóts er því skoðaður þegar hávellur eru taldar. Skúfendur og stokkendur eru taldar á sama svæði.

Á vötnum á Fljótsdalsheiði var talið með handsjónauka og fjarsjá úr bíl sunnan Gilsárvatna en gengið var að Gilsárvötnum og talið frá hæstu útsýnisstöðum og á milli þeirra (2. mynd).

Úttekt á vatna- og sundfuglum á Jöklu voru byggðar á þriggja daga talningum. Litið var sérstaklega eftir fuglum sem nýttu sér ána og bakkana. Annars var ekið um sveitir og gengið að og með ánni á köflum og fuglar taldir og horft yfir svæðin með fjarsjá og sjónauka.

Niðurstöður og umræða

Á Lagarfljóti eru hávellur hluta af sumrinu og koma fram í talningum Náttúrustofunnar. Flestar sjást þar í maí og fram í júní en fækkar upp úr því. Misjafnt er hvar stærstu hóparnir hafa verið en árið 2015 voru þeir næst Héraðsflóa og við Egilsstaði (3. mynd). Þá eru hávellur oft á vatnaskilum þar sem bergvatnsár falla í fljótið.



3. mynd. *Fjöldi og dreifing hávella á talningadögum á Lagarfljóti sumarið 2015.*

Árið 2015 sáust 13 hávellur á Jöklu sem var aðeins meira en sást þar í athugunum á vatna- og sundfuglum árið áður en þá voru þær níu (Halldór Walter Stefánsson 2015).



4. mynd. *Fjöldi hávella á Lagarfljóti árin 2005-2015.*

Sumarið 2015 fækkar hávellum á Lagarfljóti sem kann að stafa af kuldatíð austanlands allt sumarið. Fjöldinn var svipaður og á árunum 2011 og 2012 (4. mynd). Flestar hávellur sjást í fyrstu tveimur talningum ársins. Í júlítalningunni á völdum vötnum á Fljótsdalsheiði fjölgar hávellu verulega miðað við árið áður og reynist þriðji mesti fjöldinn þar síðan mælingar hófust árið 2011 (5. mynd). Síðan þá hefur fjöldinn verið breytilegur og bendir ýmislegt til að snjóþyngsli geti haft áhrif á fjölda og dreifingu sem veldur því að hávellur skila sér misvel á heiðarvötn.



5. mynd. *Fjöldi hávella á vötnum á Fljótsdalsheiði frá 2011 til 2015.*

Tíðarfar og ísilögð vötn, ásamt mögulegum breyttum fæðuskilyrðum hafa sennilega mest áhrif á hvað sést af hávellu á rannsóknarsvæðinu.

Skúfendur voru taldar á Lagarfljóti sumarið 2015 líkt og fleiri andategundir. Þar fjölgaði þeim miðað við árið áður og reyndist þriðji mesti fjöldi síðan árið 2005 (6. mynd). Þessi fjölgun er ekki í samræmi við þróun í fjölda hávellu á sama svæði séu þessar kafandategundir bornar saman.



6. mynd. *Fjöldi skúfanda á Lagarfljóti árin 2005-2015.*

Aðeins sáust sjö skúfendur á Jöklu í úttekt á vatna- og sundfuglum á ánni sumarið 2015 samanborið við fjóra fugla þar árið áður.

Stærstu hópar stokkanda hafa ekki verið eins litlir á Lagarfljóti síðan athuganir Náttúrustofunnar hófust árið 2005 (7. mynd). Í talningu árið 2015 reyndist fjöldinn mestur vera níu fuglar. Mögulega hefur meiri dreifing stokkanda um Lagarfljót sem leggur sjaldan að vetri, áhrif á niðurstöður talninga frekar en að stokköndum hafi í raun fækkað. Ekki var talið á öllum þekktum stöðum sem endurnar sækja í.



7. mynd. *Breytingar á hámarksfjölda (stærstu hópar) stokkanda á Lagarfljóti frá 2005-2015.*

Hámarksfjöldi stokkanda á Lagarfljóti hefur lítið breyst frá árinu 2009 fyrir utan aukningu árin 2011 og 2013 sem hefur gengið til baka árin 2014 og 2015 (7. mynd).



8. mynd. *Breytingar á stærstu hópum hávella og skúfanda að sumri og stokkanda að vetri á Lagarfljóti 1989-2015.*

Fjöldi hávellu, skúfanda og stokkanda á Lagarfljóti virðist sveiflast svipað. Árið 2015 fækkaði þeim frá árinu 2014 (8. mynd).

Vatna- og sundfuglar á Jöklu

Mögulega hefur kalt tíðarfar á Austurlandi haft áhrif á fugla á og við Jöklu sumarið 2015 sem gæti hafa rýrt fæðuskilyrði sumra tegunda og endurspeglast í færri fuglum miðað við árið áður.

Í úttekt á vatna- og sundfuglum á Jöklu sumarið 2015 sáust 19 tegundir samanborið við 22 tegundir árið áður. Þetta var annað árið í sérstakri fuglaúttekt á Jöklu. Heiðagæs *(Anser brachyrhynchus)* er sleppt í þessari úttekt. Hins vegar er skúmi *(Stercorarius skua)* gerð sérstök skil.

Fæðuöflun fugla á og við Jöklu tengist oft vatnaskilum við ármót þveráa. Önnur not fugla á ánni og farveginum er einnig tengt varpi og sem afdrep og náttstaðir. Eyrarnar eru misvel grónar sem henta m.a. bæði til varps og sandáts fyrir jurtaætur meðal andfugla. Áin er einnig flóttaleið andfugla í sárum og með unga.



9. mynd. *Hlutfall vatna- og sundfugla á Jökulsá á Dal árið 2015.*

Sumarið 2015 bar mest á máfum, kjóa (*Stercorarius parasiticus*) og kríu (*Sterna paradisaea*) á og við Jöklu, eða 44% fjölda fugla miðað við 23% árið áður (Halldór Walter Stefánsson 2015). Endur við Jöklu voru 28% af töldum fuglum í athugunum sumarið 2015 samanborið við 41% árið áður sem er veruleg breyting. Hlutfallslega jafnmikið sást af álft (*Cygnus cygnus*) og lóm (*Gavia stellata*) við Jöklu árið 2015 eða 14% hvor (9. mynd).



10. mynd. *Samanburður á fjölda máfa, kjóa, kría, skarfa og lóms á Jökulsá á Dal árin 2014 og 2015.*

Heldur fleiri máfar, kjóar, kríur og lómar sáust á Jöklu sumarið 2015 en árið áður (10. mynd). Sérstaklega áberandi var hvað kríur, kjóar og lómar voru fleiri en árið 2014 og eiga allar þessar tegundir það sameiginlegt að vera fiskiætur. Bendir það til að ætið hafi átt sinn hlut í algengi þeirra.

Fjöldi svartbaks, sílamáfs og silfurmáfs var svipaður og áður en hettumáfar voru mun fleiri. Þessar tegundir éta m.a. fisk, egg, unga og hræ, svo reikna má með að framboð af æti fyrir þá hafi verið nóg.

Mun færri álftir, urtendur og straumendur sáust á Jöklu sumarið 2015 en árið 2014. Álíka margar stokkendur, rauðhöfðar, gulendur og hávellur voru á ánni (11. mynd). Skúfönd og toppönd voru fleiri en áður og báðar tegundirnar eru fáliðaðar á Jökulsá á Dal.



11. mynd. *Samanburður í fjölda álfta og anda á Jökulsá á Dal árin 2014 og 2015.*

Mögulega kann kalt tíðarfar sumarið 2015 að hafa haft áhrif á framboð fæðu þessara fugla og hvað mikið af fugli hélt til og nýtti sér Jökulsá á Dal.

Hvorki stormmáfur né dílaskarfur sáust á ánni um sumarið en báðar tegundirnar eru frekar sjaldgæfar á Héraði.

Fylgst hefur verið með skúmum á Úthéraði við vöktun valinna fuglategunda tengt Kárahnjúkavirkjun frá árinu 2005 auk sérstakrar úttektar í umhverfismati fyrir virkjunina. Skúmar voru taldir í og við farveg Jökulsár á Dal um leið og úttekt á vatna- og sundfuglum fór fram, bæði árin 2014 og 2015.



12. mynd. *Fjöldi skúma í farvegi Jökulsár á Dal frá árinu 2000 til 2015.*

Fjöldi skúma við Jöklu hefur sveiflast nokkuð á athugunartímabilinu og verið minnstur 236 fuglar (2011) en farið mest í 571 skúma (2008). Við Jöklu eru flestir skúmarnir frá og með Geirastaðaeyrum í Hróarstungu norður fyrir Húsey að Héraðsflóa. Alls voru taldir 364 skúmar (12. mynd) með 143 hreiður á svæðinu sumarið 2015. Fjöldi fugla var fjórði minnsti frá árinu 2000 þrátt fyrir kalt sumar.

Tegundir

Hér verður gerð grein fyrir 20 tegundum vatna- og sundfugla sem komu fram í úttekt á Jöklu sumarið 2015. Í umfjölluninni að þessu sinni verður fýl (*Fulmarus glacialis*), stormmáfi *(Larus canus)* og mandarínönd (*Aix galericulata*) sleppt þar sem þær sáust ekki á árinu en algengra tegunda getið eins og grágæsa og heiðagæsa. Óðinshana *(Phalaropus lobatus)* var bætt við tegundalistann þar sem hann var talinn í fyrsta skiptið.

Lómur (*Gavia stellata*): Er algengur á Jöklu og Úthéraði þar sem þeir sækja mest æti í Héraðsflóa. Mesta varpið er á Úthéraði (*Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2007*). Lómar á Jöklu sækja æti í ána eða hliðarár sem í hana falla. Alls sáust 49 lómar á Jöklu í vatnafuglaskoðun sumarið 2015 frá Stórhólma við Húsey í Hróarstungu að Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð en þeir voru 24 árið 2014.

Álft (*Cygnus cygnus*): Álftir eru algengar við Jökulsá á Dal (*Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2007*). Alls voru 49 álftir á Jöklu sumarið 2015 frá Geirastaðaeyrum í Hróarstungu að Steinshlaupi á Jökuldal samanborið við 77 álftir árið 2014.

Heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*): Er ein af algengari fuglum við Jökulsá á Dal og verpir meðfram ánni frá Kárahnjúkum nær óslitið til sjávar. Mesta varpið er syðst en strjált utan við

Gil á Jökuldal. Nyrst er vitað um varp milli Geirastaða og Húseyjar í Hróarstungu. Heiðagæsir voru ekki skoðaðar sérstaklega í tengslum við úttekt vatna- og sundfugla við Jöklu sumarið 2015 en tegundin er vöktuð árlega á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar.

Grágæs (*Anser anser*): Grágæsir eru meira og minna meðfram allri Jökulsá á Dal frá Héraðsflóa að Brú á Jökuldal, mest norðan Skjöldólfsstaða. Minna ber á þeim á heiðum. Tegundin hefur ekki verið talin í úttekt á vatna- og sundfuglum með Jöklu.

Rauðhöfðaönd (*Anas penelope*): Rauðhöfðar eru árvissir við Jöklu. Allir fuglarnir sem sáust sumarið 2015, 16 fuglar voru norðan við Laxárós í Jökulsárhlíð en voru einum fleiri árið 2014.

Urtönd (*Anas crecca*): Er þekkt um alla Jökulsá á Dal en mest bar á henni norðan við Hvanná á Jökuldal í úttektinni sumarið 2015. Alls voru taldar 14 urtendur um sumarið, tíu fuglum færri en árið á undan.

Stokkönd (*Anas platyrhynchos*): Stokkendur eru á mest allri Jöklu og sáust næstum jafnmargar árið 2015 og 2014, eða 11 fuglar, voru 12 árið 2014. Þær voru frá Geirastöðum í Hróarstungu að Arnórsstöðum á Jökuldal.

Skúfönd (*Aythya fuligula*): Mun fleiri skúfendur sáust á Jöklu sumarið 2015 en árið áður, eða 14 fuglar í stað fjögurra. Þær sáust frá Fossvöllum (Jökulsárgili) í Jökulsárhlíð að Húsey í Hróarstungu.

Straumönd (*Histrionicus histrionicus*): Meira en helmingi færri straumendur sáust á Jöklu sumarið 2015 samanborið við árið áður. Alls sáust 16 fuglar í stað 35. Straumendur voru að sjást frá Kaldárósi í Jökulsárhlíð að Steinshlaupi á Jökuldal sem er sama dreifing og árið 2014.

Hávella (*Clangula hyemalis*): Fjöldi hávella breyttist lítið milli athugunarára á Jöklu, voru níu árið 2014 en 10 sumarið 2015. Þær sáust á ánni frá Kaldárósi í Jökulsárhlíð að Brú á Jökuldal.

Toppönd (*Mergus serrator*): Mun fleiri toppendur voru taldar á Jöklu árið 2015 samanborið við árið á undan. Tíu fuglar sáust frá Kaldárósi í Jökulsárhlíð að Brú á Jökuldal en aðeins fjórir fuglar voru á ánni árið 2014.

Gulönd (*Mergus merganser*): Tveimur gulöndum færri sáust á Jöklu árið 2015 en árið á undan þegar taldar voru tíu endur. Þær sáust allt frá Litla Bakka í Hróarstungu að Brú á Jökuldal. Sem er svipuð dreifing og sumarið 2014.

Kjói (*Stercorarius parasiticus*): Algjör viðsnúningur var í fjölda talinna kjóa á og við Jöklu frá einum fugli sumarið 2014 í 24 fugla árið 2015. Allir fuglarnir voru taldir frá Húsey í Hróarstungu að Mælivöllum á Jökuldal. Á Úthéraði er kjói algengur.

Skúmur (*Stercorarius skua*): Er algeng tegund á Úthéraði. Meginvarp tegundarinnar þar er í og við farveg Jöklu. Alls voru skráðir 364 skúmar í tengslum við úttekt á vatna- og sundfuglum sumarið 2015 en á sama svæði voru 250 fuglar sumarið 2014, allir utan við Litla Bakka í Hróarstungu. Af skráðum skúmum voru 143 fuglar taldir á hreiðrum.

Hettumáfur (*Larus ridibundus*): Sumarið 2015 voru taldir 21 hettumáfur í og við farveg Jöklu frá Geirastöðum í Hróarstungu að Hofteigi á Jökuldal. Árið 2014 voru þeir 12 við Litla Bakka.

Sílamáfur (*Larus fuscus*): Voru aðeins einum fugli færri sumarið 2015 en árið áður, taldir 28 fuglar. Þeir dreifðust allt frá Kaldárósi í Jökulsárhlíð að Gauksstöðum á Jökuldal sem er svipuð dreifing og árið 2014.

Silfurmáfur (*Larus argentatus*): Aðeins tveir silfurmáfar komu fram í talningum á vatna- og sundfuglum við Jökulsá á Dal sumarið 2015 samanborið við fimm fugla árið áður. Þessir tveir voru annarsvegar við Kaldárós í Jökulsárhlíð og hinsvegar við Hrólfsstaði á Jökuldal sama dag. Vitað er um eitt par sem verpir við Grund á Jökuldal.

Svartbakur (*Larus marinus*): Mun fleiri svartbakar sáust sumarið 2015 við Jökulsá á Dal eða 14 fuglar samanborið við níu fugla í úttekt sumarið 2014. Þeir dreifðust allt frá Hólmatungu í Jökulsárhlíð að Hnefluósi á Jökuldal.

Kría (*Sterna paradisaea*): Talsvert fleiri kríur voru við Jökulsá á Dal sumarið 2015 en 2014, 63 fuglar samanborið við sex fugla. Þær voru allt frá Stórhólma við Húsey í Hróarstungu að Smáragrund á Jökuldal.

Óðinshani (*Phalaropus lobatus*): Á Jöklu sáust 21 óðinshanar árið 2015 á tveimur stöðum, við Litla Bakka í Hróarstungu og Brú á Jökuldal. Á undanförnum árum hafa þeir ekki sést mikið á ánni. Það bendir til að tegundin sé að uppgötva ána til fæðuöflunar.

Þakkir

Kristín Ágústsdóttir og Elín Guðmundsdóttir fá þakkir fyrir kortavinnslu.

Heimildir

Bibby, C. J., Burgess, N. D. & Hill, D. A. 1992. *Bird Census Techniques*. London: Academic Press Limited.

Halldór Walter Stefánsson 2015. *Vatna- og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2014*. Náttúrustofa Austurlands, Egilsstaðir, júní 2015. NA-150150. 21 bls.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2007. Fuglar við Jöklu. *Glettingur 45-46. 17.árg. 2-3 tbl. 2007.*

Landmælingar Íslands (2013). Leyfi, samkvæmt 31. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, fyrir gjaldfrjáls gögn frá Landmælingum Íslands. Skoðað í desember 2015 á http://www.lmi.is/wp-content/uploads/2013/10/Almskilm.pdf

Landmælingar Íslands (2015). Gjaldfrjáls vektor gögn IS50v 4.1 - 24122013 útgáfa. Sótt í desember 2015 á niðurhalssíðu LMÍ: http://atlas.lmi.is/LmiData/index.php

Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavik
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00



UMHVERFISMERKI
141 381
Prentað efni